

Lög um Ferðamálastofu

Nr. 96/2018

Leyfisskylda.

7. gr.

Hver sá sem hyggst starfa sem ferðaskrifstofa eða ferðasali dagsferða skal hafa til þess leyfi Ferðamálastofu. Útgefið leyfi er ótímabundið.

Leyfishafi sem fellur undir lög um pakkaferðir og samtengda ferðatilhögun er tryggingarskyldur í samræmi við VII. kafla þeirra laga.

Leyfishafi skal í hvers kyns auglýsingum um starfsemi sína og á vef sínum nota myndrænt númerað auðkenni sem Ferðamálastofa útvegar. Ferðamálastofu er heimilt að veita undanþágu frá ákvæði þessu í sérstökum tilfellum að fenginni umsókn leyfishafa.

Starfsemi leyfishafa skal rekin á fastri starfsstöð sem opin er almenningi. Heimilt er þó að víkja frá þessu skilyrði ef þjónustan er einungis starfrækt á rafrænan hátt og skal leyfishafi þá uppfylla skilyrði [6. gr. laga um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu, nr. 30/2002](#), um það sem koma skal fram á vef hans.

Leyfishafa er heimilt að reka útibú á grundvelli leyfisins og skal forsvarsmaður útíbús fullnægja sömu skilyrðum laga þessara og leyfishafi.

Ferðamálastofa skal halda skrá yfir þá sem leyfi hafa samkvæmt lögum þessum og birta hana með aðgengilegum hætti, svo sem á vef sínum. Jafnframt skal auglýsa brottfallin leyfi á vefnum.

Ferðamálastofa ákveður hvaða íslensk ferðafélög eru undanþegin ákvæðum laga þessara að því er lýtur að ferðum innan lands.